

Mætt: Sólgerður og Ágústa (fulltrúar nemenda), Sandra Ösp og Hlín (fulltrúar kennara), Stefanía (fulltrúi almennra starfsmanna), Borgþór (fulltrúi Foreldrafélags Egilsstaðastaðaskóla), Líska (fulltrúi grenndarsamfélags), Viðar (skólastjóri), Sigrún ritaði fundargerð.

### Dagskrá

1. Starfsáætlun skólaráðs
2. Kynning og umræður um sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs
3. Ný samskiptaáætlun
4. Hvernig getum við eft foreldrasamstarf?
5. Nýjar skólareglur í bígerð
6. Fréttir úr skólastarfinu
7. Önnur mál.

Skólastjóri (VJ) setti fundinn kl. 17.05 og bauð Skólaráðið velkomið. Hann fór yfir hvert verksvið Skólaráðs er skv. reglugerð 1157/2008, Reglugerð um skólaráð við grunnskóla

#### 1. Starfsáætlun skólaráðs

Rætt um fundatíma. Tillaga um að fundir Skólaráðs verði sem hér segir:

Miðvikudaginn 27. Nóvember (opinn fundur), 12. febrúar (fundur með Nemendaráði), 14. maí. Stefnt að því að fundirnir hefjist kl. 16.00.

#### 2. Kynning og umræður um sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs

Sigrún kynnti helstu niðurstöður í sjálfsmatsskýrslu síðasta árs. Umræður um umbótaáætlun og mikilvægi þess að fram komi hvaða aðgerðir hefur verið ráðist í og hvaða árangri þær hafi skilað.

#### 3. Ný samskiptaáætlun

Viðar kynnti drög að samskiptaáætlun skólans. Stefnt að því að kynna lokagerð áætlunarinnar á næsta fundi.

#### 4. Hvernig getum við eft foreldrasamstarf?

Umræða um þátttöku foreldra, tengiforeldra og samveru barna utan skólatíma. Fram kom að erfitt er að virkja foreldra í samstarf og samveru með bekkjum utan skólatíma. Rætt um hvernig má efla starf bekkjartengla og foreldrafélags.

#### 5. Nýjar skólareglur í bígerð

Í takti við innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar verða skólareglur endurskoðaðar. Bera þarf nýjar skólareglur undir skólaráð.

#### 6. Fréttir úr skólastarfinu

Símamál: Nýtt fyrirkomulag varðandi síma nemenda. Nú eiga allir nemendur í 7. – 10. bekk að skila símunum í símakassa í byrjun skóladags. Allur gangur er á hvort nemendur skila símunum í kassana en starfsfólk segir að það sjái krakkana mjög lítið með símana á göngunum.

Matsalur: Börn og foreldrar hafa vakið athygli á að matartíminn sé of stuttur. VJ sagði frá því að ætlunin væri að kaupa eitt hitaborð til viðbótar og það stytti vonandi biðtímann. Nemendur bentu á að það kæmi fyrir að maturinn væri búinn þegar elsta stig kæmi í mat. Bent á eina leið sem væri að matnum væri skipt í þrennt þannig að eitt stig geti ekki klárað matinn.

VJ fór yfir hvernig mönnum í skólanum gengi. Ekki hefur náðst að manna allar stöður og stjórnendur hafa haft úti allar klær til að fá starfsfólk. Það er mikið álag á starfsfólki skólans og skólinn í samkeppni um starfsfólk við aðra vinnustaði í sveitarfélaginu. Álag í skólanum kemur m.a. til af hegðunarmálum og einstaklingsmiðun námsefnis sem eykst ár frá ári.

## 7. Önnur mál

Rætt um afþreyingu í frímínútum. Verið er að setja upp upphýfingarstangir og rimla á vegg á tvo staði, skólinn fékk púl borð gefins og ný spil hafa verið keypt. Nemendur hafa áhuga á að vera með afþreyingu fyrir nemendur á unglíngastigi.

Foreldrafélagið sendi inn umsókn í Samfélagssjóð Alcoa fyrir hreyfi-/hreystibraut sem væri sett niður á skólalóðinni.

Fyrirspurn frá foreldri varðandi búningaaðstöðu í íþróttahúsi. Skv. upplýsingum frá starfsfólki Múlaþings er stækkun búningaaðstöðu á áætlun árið 2029. Nemendur kalla eftir því að fá meiri tíma til að fara í sturtu og skipta um föt eftir íþrótt- og sundtíma en þar kemur bæði til of stuttur tími og of fáar sturtur í búningaklefum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18.40  
sbl